

---

## Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði Álit um mat á umhverfisáhrifum

---

### 1 INNGANGUR

#### 1.1 Framlagning matsskýrslu og ósk um álit

Þann 12. mars 2021 lagði Verkís verkfræðistofa, f.h. Hafna Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar, fram matsskýrslu um dýpkun við Sundabakka á Ísafirði og óskaði eftir áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sbr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun staðfesti móttöku matsskýrslunnar með bréfi dags. 17. mars 2021.

#### Gögn

Matsskýrsla: Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum, matsskýrsla. Mars 2021. Hafnir Ísafjarðarbæjar, Vegagerðin og Verkís verkfræðistofa.

Viðaukar með matsskýrslu, umfram það sem lá fyrir í frummatsskýrslu.

- Umsagnir og athugasemdir vegna frummatsskýrslu.
- Samantekt og flokkun umsagna og athugasemda og svör við þeim.

#### 1.2 Kynning frummatsskýrslu

Þann 10. nóvember 2020 lagði Verkís verkfræðistofa, f.h. Hafna Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar, fram frummatsskýrslu um dýpkun við Sundabakka á Ísafirði til athugunar hjá Skipulagsstofnun, sbr. 10. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 20. nóvember 2020 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 20. nóvember 2020 til 5. janúar 2021 í Safnahúsinu Ísafirði og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar hjá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofu og Umhverfisstofnun.

#### Gögn

Frummatsskýrsla: Dýpkun við Sundabakka á Ísafirði. Mat á umhverfisáhrifum, frummatsskýrsla. Október 2020. Hafnir Ísafjarðarbæjar, Vegagerðin og Verkís verkfræðistofa.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 14. desember 2020
- Hafrannsóknastofnun dags. 15. desember 2020
- Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 23. desember 2020
- Orkustofnun dags. 22. desember 2020
- Samgöngustofu dags. 8. desember 2020
- Umhverfisstofnun dags. 11. desember 2020

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma.



## 1 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að lengja viðlegukant Sundabakka um allt að 300 m til suðvesturs og auka viðlegudýpi í allt að 11 m fyrir framan hann. Gerð verður landfylling innan við viðlegukantinn og verður dýpkunarefni nýtt í fyllinguna og til landhækkunar á Suðurtanga. Umframefni verður nýtt í aðrar framkvæmdir eins og kostur er en mögulega þarf að varpa efni í sjó. Fram kemur að núverandi dýpi við Sundabakka sé 7-8 m og núverandi stálpil viðlegukants sé 190 m að lengd.

Fram kemur að markmið framkvæmdarinnar sé að stækka viðlegukant við Sundabakka á Ísafirði og auka sjávardýpi utan hans þannig að stærri og fleiri skip geti lagst að bryggju. Framkvæmdinni er ætlað að auka fjölbreytni og þjónustu við nýtingu hafnarinnar sem og auka tekjur hennar.



Mynd 1 Lenging Sundabakka og dýpkun við viðlegukant. (Úr matsskýrslu).

Þáttur	Kennistærðir
Stálpil, hönnunardýpi	Allt að 11 m
Stálpil, lengd	300 m
Grjótgarður	200 m
Stærð skipa sem geta lagst að bryggju	Allt að 11 m djúprista
Heildarlengd viðlegukants	490 m
Uppdæling	Allt að 410.000 m <sup>3</sup>
Landfylling	Allt að 90.000 m <sup>3</sup> og 26.000 m <sup>2</sup>
Dýpi utan viðlegukants	Allt að 11 m
Steypt þekja, breidd	30 m

Tafla 1. Áætlaðar kennistærðir vegna stækkunar Sundabakka. (Úr matsskýrslu).



## Gerð fyrirstöðugarðs og uppsetning stálþils

Fram kemur í matsskýrslu að gerður verði fyrirstöðugarður innan við fyrirhugað stálþil og viðlegukant þannig að krani geti athafnað sig með stálþilsplötunna sem reknar verði niður í sjávarbotninn, sem einkennist af sandi, og stagað í land. Gert er ráð fyrir um 200 löngum, varanlegum grjóttgarði vestan við fyrirhugað stálþil. Við núverandi aðstæður er grjóttvörn sunnan við viðlegukant Sundabakka og verður allt efni úr þeirri grjóttvörn notað í nýja grjóttgarðinn.

## Dýpkun og landfylling

Fram kemur í matsskýrslu að dýpkunarsvæðið sé um 112.000 m<sup>2</sup> að stærð og áætlað magn á uppdældu efni verði allt að 410.000 m<sup>3</sup>. Dýpkunarskip fjarlægir efnið af sjávarbotninum og dælir því á land eða á losunarstað. Sýnataka á svæðinu leiddi í ljós að mestur hluti efnisins er fínn og meðalgrófur sandur og er því of fínt til að gagnast í aðra mannvirkjagerð en landfyllingu. Ekki er þörf á ítarlegri rannsóknum á efninu skv. viðmiðum Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefnis. Dýpkunarefnið verður losað innan við fyrirstöðugarðinn og það nýtt sem fylling undir viðlegukantinn og er áætlað að um 90.000 m<sup>3</sup> af efni fari þegar á heildina er litið í landfyllinguna á um 26.000 m<sup>2</sup> svæði.

Fram kemur að efni sem ekki nýtist í landfyllingu við Sundabakka verði nýtt í öðrum framkvæmdum á svæðinu, m.a. er gert er ráð fyrir að allt að 250.000 m<sup>3</sup> af efninu verði nýtt til landfyllingar innan Langeyrar í Súðavík í Álftafirði en þar er fyrirhugað að reisa kalkþörungaverksmiðju. Þá er ráðgert að nota um 60.000 m<sup>3</sup> í að hækka land undir nýbyggingar sem fyrirhugaðar eru skv. skipulagi á Suðurtanganum á Ísafirði og um 10.000 m<sup>3</sup> er fyrirhugað að nota til landmótunar á milli íbúðar- og iðnaðarsvæðis á Tanganum.

## Losun dýpkunarefnis í sjó

Fram kemur að ef ekki takist að nýta dýpkunarefnið í framangreindar framkvæmdir, að hluta til eða öllu leyti, þurfi að losa efnið í sjó. Framkvæmdir við landfyllingu við Langeyri í Álftafirði eru ekki hafnar og leyfi liggja ekki fyrir. Landfyllingin er á nýsamþykktu aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag hefur verið unnið og bíður staðfestingar. Hluti framkvæmdarinnar er auk þess tilkynningarskyld og er Súðavíkurhreppur nú að undirbúa tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu. Verði ekki af þeim framkvæmdum þarf að losa allt að 250.000 m<sup>3</sup> í sjó. Í matinu voru til skoðunar fjórir mögulegir efnislosunarstaðir: Við Óshlíð, í mynni Skutulsfjarðar, við Arnarnes og á dýpinu utan við Arnarnes (djúpslóð).

## Valkostir

Í matsskýrslu eru tveir framkvæmdakostir (A og B) lagðir fram til mats á umhverfisáhrifum auk núllkostar, þ.e. að ekkert verði aðhafst. Báðir framkvæmdakostirnir gera ráð fyrir sömu lengingu á viðlegukanti en mismunandi útfærslu á dýpkun við hafnarbakkann. Sú framkvæmdalýsing sem kemur fram hér á undan á við valkost A en valkostur B felur í sér dýpkun um 9 m við viðlegukant á 38.100 m<sup>2</sup> svæði en 8 m í innsiglingarrennu á 14.500 m<sup>2</sup> svæði. Þessi kostur er lágmarksdýpkun með möguleika á frekari dýpkun síðar.

## 2 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu eru metin áhrif á lífríki, einkum á botndýr og fugla, en einnig er fjallað um áhrif á aðra nýtingu og starfsemi. Til viðbótar eru í matinu skoðuð möguleg áhrif á strauma, öldufar og rof. Stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Auk þess notar framkvæmdaraðili vægiseinkunnina



nokkuð neikvæð áhrif og Skipulagsstofnun einnig. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 5.2 í matsskýrslu.

## 2.1 Straumar, öldufar og rof

### Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að straumar og rennslisraði á svæðinu stýrist af sjávarföllum og áhrifum vegna lögunar sjávarbotnsins. Sundabakki er viðlegukantur þar sem stærri skip hafa viðlegu til lengri eða skemmri tíma. Ölduhreyfing við kantinn er takmörkuð enda höfnin staðsett innarlega í Skutulsfirði og í góðu vari gagnvart úthafsöldu. Fram kemur að metið hafi verið hvort framkvæmdin hafi áhrif á vatnsskipti í Pollinum og einnig hvort hugsanlegar breytingar á straumum og öldum hafi áhrif á rof. Niðurstöður athugana voru þær að heildarflæði inn og út úr Pollinum helst óbreytt. Þegar sjávarstaða er nálægt fjöru verður straumhraði mestur í rennunni eftir dýpkunina, eins og nú er. Endurkast frá nýja stálpilinu mun lítillega auka ölduhæð á ströndinni hinum megin við Sundin í austanvindi, en breytingin er ekki af slíkri stærðargráðu að hún valdi rofi á ströndinni. Áhrif á strauma, öldufar og rof eru talin óveruleg og á það bæði við valkost A og B.

### Niðurstaða

Fyrirhuguð dýpkun og gerð viðlegukants með stálpili og landfyllingar geta breytt straumum og öldufari með þeim afleiðingum að vatnsskipti í Pollinum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis kunna að breytast og hugsanlega valdið landrofi. Samkvæmt athugunum Vegagerðarinnar á straumum, öldufari og hugsanlegu rofi mun heildarflæði inn og út úr Pollinum haldast óbreytt og jafnframt mun ölduhæð aukast það lítið með tilkomu stálpils að ekki verður um strandrof að ræða. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessara niðurstaðna að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsskipti í Pollinum vegna breyttra strauma og á strönd vegna rofs verði óveruleg.

## 2.2 Lífríki sjávar

### Mat framkvæmdaraðila

#### *Botndýralíf á dýpkunarsvæði*

Í matsskýrslu kemur fram að vegna framkvæmda við Sundabakka muni botndýralíf verða fyrir áhrifum þar sem dýpkað verður og landfylling gerð og einnig þar sem dýpkunarefni verður losað í sjó. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sundabakka var gerð sérstök rannsókn á botndýralífi við framkvæmdasvæðið.

Fram kemur að samkvæmt kosti A verði botndýr fjarlægð af um 11 ha svæði en um 5 ha svæði verði kostur B valinn en framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á vatnsskipti í Pollinum eða botndýralíf þar. Líklegt sé að nýtt botndýrasamfélag sem þróist þar að framkvæmdum loknum verði sambærilegt því sem nú er á svæðinu. Tegundir sem lifa á botni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis eru algengar á samsvarandi dýpi í Skutulsfirði, við Vestfirði og víða við landið og ekki fundust sjaldgæfar tegundir á svæðinu. Verndargildi lífríkisins við Sundabakka er því lítið og fjölbreytni þess ekki meira en gerist og gengur í Skutulsfirði og Ísafjarðardjúpi. Áhrif framkvæmda á botndýralíf í Skutulsfirði eru metin nokkuð neikvæð og þau verði tímabundin, óháð því hvor kosturinn verður valinn.

#### *Botndýralíf á losunarstað*

Í matsskýrslu kemur fram að mat á áhrifum á botndýralíf byggir á niðurstöðum botndýrarannsóknna, sem gerðar hafi verið á nærliggjandi svæðum og neðansjávarmyndatöku Hafrannsóknastofnunar á djúpslóð norður af Arnarnesi. Í ljósi þeirra rannsókna eru leiddar líkur að því að á þeim stöðum sem til greina kemur að losa dýpkunarefni í sjó sé botndýralíf ekki sérstaklega fjölbreytt og tegundir sem þar eru sé víða að finna við Vestfirði og landið. Líklegt er að framkvæmdin muni því ekki hafa áhrif á lífauðugt svæði og verndargildi lífríkisins sé ekki mikið. Efni sem haugsett verður á hafsbotni mun leggjast yfir lífríki botnsins meðan á framkvæmdum stendur, en að þeim loknum má gera ráð fyrir



að botndýr nemi aftur land á svæðinu og þar nái fótfestu á ný áþekkt lífríki og nú er á svæðinu. Því verða áhrifin tímabundin.

### **Niðurstaða**

Fyrir liggur að botndýralíf mun verða fyrir neikvæðum áhrifum bæði á því svæði sem fyrirhugað er að dýpka á við Sundabakka og einnig á svæði á Djúpslóð í Ísafjarðardjúpi ef til þess kemur að losa þurfi efni í sjóinn þar. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila benda niðurstöður rannsókna ekki til þess að verndargildi botndýralífs sé hátt eða fjölbreytni þess mikil og engar sjaldgæfar tegundir fundust. Líkur eru á að botndýrasamfélag sem nær að festa rætur að framkvæmdum loknum verði sambærilegt því sem er á fyrrnefndum svæðum við núverandi aðstaður. Með hliðsjón af ofangreindu telur Skipulagsstofnun að áhrif á botndýralíf verði staðbundið nokkuð neikvæð og að líta megi á þau áhrif sem tímabundin nema til þess komi að dýpka þurfi reglulega á svæðinu við Sundabakka en þá verður eðli málsins samkvæmt um varanleg áhrif á botndýralíf að ræða.

## **2.3 Sjávarnytjar - Fiskeldi**

### **Mat framkvæmdaraðila**

Fram kemur í matsskýrslu að miðað við strauma og vindafar séu mestar líkur á að grugg fínefna, vegna efnislosunar í mynni Skutulsfjarðar, berist frá firðinum, þ.e. til austurs, en ekki inn í hann. Í 20-30% tilfella getur vindur valdið því að grugg berist inn fjörðinn en þá má gera ráð fyrir að fínt setið dreifist og þynnist umtalsvert á leiðinni frá losunarstað í átt að eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði. Þynning gruggsins dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum á viðurværi eldisfisksins, en ekki er hægt að útiloka slík áhrif. Líklegt er að gruggið nái að setjast áður en næsta losun á sér stað. Áhrifin á fiskeldi Hábrúnar eru metin óveruleg til nokkuð neikvæð og tímabundin ef losun á sér stað í Skutulsfirði. Fram kemur að við mynni Skutulsfjarðar séu gagnstæðar stefnur á yfirborðsstraumi og algengustu vindátt á svæðinu. Við slíkar aðstaður má gera ráð fyrir að grugg vegna efnislosunar dreifist lítið og takmarkist að miklu leyti við losunarstað. Því er losun í mynni fjarðarins ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm við Arnarnes og Arnarlax við Óshlíð, hafi starfsemi þar hafist þegar efnislosun á sér stað.

Fram kemur að losunarstaður efnis á djúpslóð sé norðan við áformað eldissvæði við Arnarnes, en fjarri öðrum eldissvæðum. Miðað við ríkjandi strauma og vindafar á svæðinu sé líklegast að grugg vegna efnislosunar takmarkist að miklu leyti við losunarstað. Undir öðrum kringumstæðum sé líklegast að það berist samsíða skilgreindu eldissvæði Arctic Sea Farm og fram hjá því. Ef eldi Arctic Sea Farm verður hafið þegar framkvæmdir við Sundabakka standa yfir verður endanleg staðsetning losunarstaðar ákveðin í samráði við fyrirtækið. Efnislosun á djúpslóð mun ekki hafa áhrif á fiskeldi við Óshlíð eða í Skutulsfirði. Að mati framkvæmdaraðila er djúpslóð heppilegri losunarstaður en mynni Skutulsfjarðar og því hyggst hann sækja um leyfi til losunar þar.

### **Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu**


Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að gera þurfi betur grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum á losunarsvæðið í mynni Skutulsfjarðar m.t.t. fiskeldis Hábrúnar en fyrirtækið hefur nýlega fengið leyfi fyrir allt að 900 tonna fiskeldi í mynni Skutulsfjarðar. Aðrar áætlanir um fiskeldi s.s. á vegum Arctic Sea Farm eru komnar skemmra á veg í umsóknarferlum og óvíst er hvenær eldi á þeirra vegum hefst. Hafa þarf í huga möguleg neikvæð áhrif af varpi dýpkunarefnis í hafið í mynni Skutulsfjarðar á velferð eldisfisks í eldi Hábrúnar vegna hættu á gruggmyndun við losun dýpkunarefnisins nálægt eldi. Ekki er hægt að fullyrða að neikvæð áhrif verði af þessari losun á eldisfisk og því væri hægt að meta þetta atriði í matsskýrslu eða breyta um aðal valkost losunarstaðar. Kostirnir sem taldir eru upp í frummatsskýrslunni gefa til kynna að djúpslóð geti hentað best fyrir varp dýpkunarefnis í hafið að mati Hafrannsóknastofnunar.



Tafla 2. Kostir til losunar á dýpkunarefni og þættir sem taka þarf tillit til við endanlegt staðarval. Litur gefur til kynna möguleg neikvæð áhrif efnislosunar. (Úr matsskýrslu).

Losunarstaður	Botndýralíf fjölbreytt	Veiðar	Fiskeldi	Á siglingaleið	Minjar
Óshlíð	Já	Net	Já*	Já	Þekkt að skipsflak er utan við Óshlíð. Staðsetning ekki nákvæm.
Mynni Skutulsfjarðar	Nei	-	Já	Já	-
Arnarnes	Ekki þekkt	-	Já	Já	Arnarnes er á náttúruminjaskrá (strandlengja og fjörur)
Djúpslóð	Nei	-	Já*	Nei	-

\* Á við ef fyrirhugað laxeldi Arctic Sea Farm við Arnarnes og Arnarlax við Óshlíð verður hafið þegar efnislosun á sér stað.



Mynd 2. Mögulegir losunarstaðir m.t.t. staðsetningar fiskeldisáforma. (Úr matsskýrslu).

## Niðurstaða

Fyrir liggur að fiskeldi er stundað í Skutulsfirði á vegum fiskeldisfyrirtækisins Hábrúna og áform eru um fiskeldi á vegum fyrirtækjanna Arctic Sea Farm við Arnarnes og Arnarlax við Óshlíð í Ísafjarðardjúpi. Hafrannsóknastofnun hefur bent á í umsögn sinni möguleg neikvæð áhrif af varpi dýpkunarefnis í hafið í mynni Skutulsfjarðar á velferð eldisfisks í eldi Hábrúna vegna hættu á



gruggmyndun. Framkvæmdaraðili telur, m.a. með hliðsjón af umsögn Hafrannsóknastofnunar, að Djúpslóð sé heppilegri losunarstaður en mynni Skutulsfjarðar og fyrirhugar að sækja um leyfi til varps í hafið á því svæði ef til þess kemur. Samkvæmt framlögðum gögnum fer það eftir straumum og vindafari hvernig útbreiðsla gruggs frá efnislosun kann að vera háttáð, m.t.t. áhrifa þess á fiskeldi. Á Djúpslóð er líklegt að miðað við ríkjandi strauma og vindafar á svæðinu takmarkist útbreiðsla gruggs vegna efnislosunar að miklu leyti við losunarstað. Grugg kann hins vegar, við tiltekna aðstæður, að berast frá efnislosunarstað og samsíða skilgreindu eldissvæði Arctic Sea Farm við Arnarnes og fram hjá því. Skipulagsstofnun telur að í ljósi upplýsinga í framlögðum gögnum sé ákveðin óvissa til staðar um áhrif gruggs á fyrirhugað fiskeldi í nágrenni efnislosunarstaðar á Djúpslóð og tekur undir með framkvæmdaraðila að hafa þurfi samráð við Arctic Sea Farm um endanlega staðsetningu losunarstaðarins ef fiskeldi verður hafið þegar efnislosun á sér stað. Fyrir liggur hins vegar að miðað við strauma og vindafar í Ísafjarðardjúpi á djúpslóð muni efnislosun á því svæði og grugg frá henni ekki hafa áhrif á fyrirhugað fiskeldi Arnarlax við Óshlíð eða eldi Hábrúnar í Skutulsfirði.

## 2.4 Fuglalíf

### Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að Náttúrustofa Vestfjarða (NV) hafi verið fengin til að gera úttekt á fuglalífi á framkvæmdasvæðinu. Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna uppfyllingar og dýpkunar geta haft áhrif á fuglalíf með tvennum hætti. Annars vegar vegna truflunar á framkvæmdatíma, s.s. vegna aukinnar umferðar og framkvæmda við dýpkun. Framkvæmdir standa hins vegar yfir í takmarkaðan tíma og ættu því ekki að hafa langtímaáhrif á fuglalíf á svæðinu. Á svæðinu eru ekki viðkvæmar tegundir sem taka þarf sérstakt tillit til á framkvæmdatíma. Hins vegar eru breytingar sem verða á búsvæðum og fæðuframboði og flokkast sem langtímabreytingar. Búsvæði varpfugla á og við framkvæmdasvæðið raskast eða eyðileggjast og uppfylling og dýpkun geta gengið á svæði sem nýtt er af fuglum við fæðuöflun.

Fram kemur að kríuvarp á nýjum malarvegi við Sundabakka sé nýtilkomið en vegurinn verður malbikaður samfara frekari uppbyggingu á svæðinu og því eyðileggja kríuvarpið en talið er líklegt að þær finni sér annan varpstað í nágrenninu á næstu árum. Það er þekkt að krían flytur varp sitt til, t.d. vegna ágangs rándýra, og finni sér annað varpsvæði í nágrenninu. Áhrif á kríur munu því líklega verða mest á framkvæmdatíma þegar landsvæði þar sem varpið er verður raskað. Ekki er líklegt að um verulegar breytingar verði að ræða á fuglalífi á svæðinu. Svæðið er hluti af talningasvæði í vetrarfuglatalningum og sem slíkt hluti af einu lengsta vöktunarverkefni hér á landi. Því er ekki talin þörf á frekari vöktun. Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdanna á landi eru talin að mestu varanleg en óveruleg til nokkuð neikvæð í ljósi þess að svæðið er manngert og verulega raskað að stórum hluta fyrir. Tegundir þær sem líklegar eru til að verða fyrir áhrifum eru flestar algengar á lands- og héraðsvísu. Áhrif vegna uppfyllingar og dýpkunar verða varanleg og nokkuð neikvæð fyrir þær fuglategundir sem sækja sér fæðu á svæðið sem mun raskast.

### Niðurstaða

Fyrir liggur að fyrirhugað framkvæmdasvæði er á og við hafnarsvæði með tilheyrandi mannvirkjum og umsvifum en fuglar og þá einkum kría hafa verið með varp á og í næsta nágrenni við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér neikvæð áhrif á fugla á framkvæmdatíma vegna truflunar og ónæðis og einnig að framkvæmdum loknum vegna eyðileggingar búsvæða og varpsvæða, aðallega kríu, auk þess sem við dýpkun og gerð landfyllingar verður gengið á fæðuöflunarsvæða fugla og hafa þannig staðbundið varanleg áhrif á fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda. Samkvæmt framlögðum gögnum er ekki um mörg pör fugla



að ræða sem koma til með að missa varp- og búsvæði sín og því ekki hafa áhrif á staðbundna stofna. Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun að áhrif á fugla verði nokkuð neikvæð.

## 2.5 Samfélag

### Mat framkvæmdaraðila

Í matsskýrslu kemur fram að á framkvæmdatíma sé talið að áhrif á samfélagið verði nokkuð jákvæð á Ísafirði og nágrenni. Framkvæmdartími er áætlaður 2-3 ár og á þeim tíma munu skapast tímabundin störf vegna framkvæmdanna sjálfra en einnig afleidd störf, svo sem vegna þjónustu. Lenging Sundabakka og dýpkun við hann verður til þess að fleiri og stærri skip geta lagst að bryggju, svo sem skemmtiferðaskip og gámaskip. Þannig verður hægt að mæta auknum fjölda ferðamanna sem koma með skemmtiferðaskipum og jafnframt bæta þjónustu fyrir sjávarútveginn. Fram kemur að koma þurfi í veg fyrir að fínefni sem dælt verði á land á Suðurtanga til landmótunar fjúki með uppgæðslu tegunda sem taki fljótt við sér, dafni í sandi og þoli seltu og mögulega einnig með vökvun. Niðurrekstur á stálþiljum mun hafa í för með sér hávaða en til þess að draga úr honum verður fylgt kröfum reglugerðar um hávaða og þilin ekki rekin niður utan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í reglugerðinni. Þá verður ónæði vegna aukinnar umferðar og notkunar vinnutækja bæði í sjó og á landi. Lítil starfsemi er við framkvæmdasvæðið og fáar íbúðir í nágrenninu. Uppdæling mun verða skipulögð með núverandi starfsemi í huga til að koma í veg fyrir ónæði.

### Niðurstaða

Fyrir liggur að bætt hafnaraðstaða mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið á Ísafirði, m.a. vegna bættra möguleika á að taka á móti stærri skemmtiferða- og gámaskipum. Skipulagsstofnun telur að niðurrekstur stálþils komi til með að hafa tímabundið neikvæð áhrif vegna hávaða og mikilvægt er að við þær framkvæmdir sé farið eftir þeim tímatakmarkunum sem gilda um háværar framkvæmdir þannig að ekki verði unnið að niðurrekstri þiljanna eftir kl. 21.00 á virkum dögum og 19.00 um helgar. Auk þessa má búast við nokkru ónæði á framkvæmdatíma vegna umferðar og vinnuvéla.

## 3 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðabæjar 2008-2020 og deiliskipulag hafnar- og iðnaðarsvæði Suðurtanga. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðindum hafsbotsins. Ef varpa þarf dýpkunarefni í hafið þarf leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda.

## 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu hafna Ísafjarðarbæjar og Vegagerðarinnar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Fyrir liggur að botndýralíf mun verða fyrir neikvæðum áhrifum bæði á fyrirhuguðu dýpkunarsvæði við Sundabakka og einnig á svæði á Djúpslóð í Ísafjarðardjúpi ef til þess kemur að losa þurfi efni í sjóinn þar. Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknnum er botndýralíf ekki fjölbreytt á þessum svæðum eða sjaldgæfar tegundir að finna og líklegt að sambærilegt botndýralíf nái að festa rætur að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur að í ljósi upplýsinga í framlögðum gögnum sé





ákveðin óvissa til staðar um áhrif gruggs á fyrirhugað fiskeldi í nágrenni efnislosunarstaðar á Djúpslóð og tekur undir með framkvæmdaraðila að hafa þurfi samráð við Arctic Sea Farm um endanlega staðsetningu losunarstaðarins ef fiskeldi verður hafið á því tímabili sem gert er ráð fyrir efnislosun.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa í för með sér staðbundið nokkuð neikvæð áhrif á fugla á framkvæmdatíma vegna truflunar og ónæðis og einnig að framkvæmdum loknum vegna eyðileggingar búsvæða og varpsvæða, aðallega kríu, auk þess sem við dýpkun og gerð landfyllingar verður gengið á fæðuöflunarsvæða fugla. Skipulagsstofnun telur að niðurrekstur stálþils komi til með að að hafa tímabundið neikvæð áhrif vegna hávaða og mikilvægt er að við þær framkvæmdir sé farið eftir þeim tímatakmörkunum sem gilda um háværar framkvæmdir.

Reykjavík, 5. maí 2021

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson